



**Fundargerð 3.fundar Farsældarráðs Suðurlands haldinn á Teams þann 27.maí 2026
og hófst fundur kl. 14.**

Mætt: Anný Ingimarsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Dagný Hróbjartsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Erna Harðar Solveigardóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Gunnlaug Hartmannsdóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Karl Hallgrímsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Kristín Hreinsdóttir, Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir, Ólafur Örn Oddsson, Rakel Magnúsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Innlegg frá Arndísi Soffíu Sigurðardóttur hjá Lögreglustjóraembættinu á Suðurlandi.

Það helsta sem kom fram í máli Arndísar var að:

- lögreglan eigi í góðum samskiptum við skóla og velferðarþjónustur í umdæminu
- almenn ánægja sé með samstarf við þá samstarfsaðila sem sinna þjónustu við börn á svæðinu
- samstarfið hafi verið að aukast og samtalið að þéttast á milli aðila
- starfsfólk í öllum kerfum orðið öruggara á sínum hlutverkum og klárara á hvar þræðirnir í kerfinu liggja

Það sem lögreglan upplifir sem rauð flögg:

- Börn/ungmennir eru afar útsett fyrir stafrænt ofbeldi með snjalltækin sín í höndunum
- Fullorðnir gerendur eiga auðvelt með að nálgast börn/ungmennir í gegnum tækin
- Börn/ungmennir eru bæði þolendur og gerendur varðandi stafrænt ofbeldi
- Stafrænt ofbeldi er margslungið; getur verið fjárhagslegt, kynferðislegt, hótanir um ofbeldi o.fl.
- Samræmt viðbragð/verklag vegna stafræns ofbeldis má segja að sé óþægður akur

Ef bornir er saman máí mánuðir áranna 2025 og 2026 kemur í ljós mikil aukning í barnaverndarmálum sem hafa komið inn á borð lögreglunnar á Suðurlandi, en málaþjöldi fór úr 22 málum árið 2025 og í 33 mál 2026 og mánuðinum er ekki lokið.

2. Innlegg frá Bryndísi Láru Hrafnkelsdóttur og Rakel Magnúsdóttur svæðisfulltrúum íþróttahreyfingarinnar á Suðurlandi.

Bryndís og Rakel segja frá hlutverki sínu og verkefnum svæðisfulltrúa. Hlutverk þeirra er að efla íþróttastarf, þjónusta og efla íþróttahéruð og einstaka félög innan

þeirra og auka íþróttapátttöku barna og ungmenna með áherslu á pátttöku barna með fötlun, börn frá tekjulægri heimilum og börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

- Það þarf að kynna farsældina betur fyrir íþróttafélögunum, þau vita ekki hvert hlutverk þeirra er í farsæld
- Íþróttahreyfingin óskar eftir meiri fræðslu
- Öllum sem starfa á grundvelli íþróttalaga ber að fylgjast með velferð barna, greina vísbendingar um að þörfum þeirra sé ekki mætt og bregðast við í samræmi við lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna!
- Íþróttafélög eiga ekki að leysa málín ein þau eiga að taka eftir, eiga samtal og koma málum í réttan farveg
- Vanþekking barna og foreldra á þeim tækifærum sem eru í boði til þess að stunda íþróttir og skipulagt félagsstarf
- Unnið er að því að hægt verði að skrá inn í smáforritið Sportabler ef barn er með stuðningsþarfir og/eða í samþættri þjónustu
- Það er áskorun að hafa nægilega yfirsýn yfir þau börn sem eru í íþróttastarfi og eru með stuðningsþarfir eða samþætta þjónustu
- Það vantar verklag fyrir þjálfara og starfsmenn íþróttafélaga þegar farsældarmál koma upp
- Það þarf að hugsa út fyrir boxið til þess að finna leiðir til þess að komast í samband við markhópana
- Þyrfti að vera meira samtal við tengiliði og málstjóra hjá sveitafélögum um það hvað íþróttahreyfingin hefur upp á að bjóða, hugmynd að vinna að upplýsingapakka fyrir tengiliði og málstjóra

3. Innlegg frá Dagnýju Hróbjartsdóttur fulltrúa foreldra í Farsældrráði og stjórnarkonu í Heimili og skóla.

Dagný segir frá því sem er efst á baugi í foreldrasamfélaginu og hjá heimili og skóla:

- Jákvæð samskipti og öflugt samstarf milli heimilis og skóla er algert lykilatriði í farsælu skólastarfi
- Öflugt foreldrastarf og góð samskipti við heimilin styður við jákvæðan skólabrag
- Mikilvægt er að formfesta samstarf milli heimilis og skóla þannig að hlutverk séu skýr
- Það þarf að vera meiri miðlægur stuðningur við foreldrastarfið frá stjórnendum skólanna til þess að styrkja starfið og festa í sessi
- Það virkar ekki að vera með 2-3 öflugum foreldra sem draga vagninn í foreldrafélögunum, það þarf að vinna markvisst að því gera hlutverk foreldranna skýrt til þess að auka líkur á pátttöku þeirra í foreldrastarfinu
- Vinna þarf að valdeflingu foreldra í foreldrahlutverkinu með því að bjóða upp á foreldrafærninámskeið
- Áhyggjur eru af neikvæðum áhrifum samfélagsmiðla á börn
- Ákall er frá foreldrum um símalausa skóla

4. Samantekt á svörum ungmennaráða

Verkefnastjóri sendi ungmennaráðum sveitarfélaganna erindi með spurningum til ungmennaráða á Suðurlandi. Mjög góð svör hafa borist frá 6 ungmennaráðum með mikilvægum ábendingum um það sem ungmenni á Suðurlandi kalla eftir. Glærur með samantekt á svörum ungmennaráðanna er á Teams svæði farsældarráðsins.

5. Gögn sem liggja til grundvallar megináherslum og aðgerðaráætlun Farsældarráðs Suðurlands

Verkefnastjóri fer yfir þau gögn sem aðgerðaráætlun yrði m.a. byggð á. Fleiri gögn geta að sjálfsögðu bæst við;

- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030
- Samstarfsyfirlýsing um farsældarráð Suðurlands
- Niðurstöður farsældarþings í Hörpu 2023
- Töluleg gögn fyrir Suðurland úr Íslensku æskulýðsrannsókninni/glærur frá Ragný af fyrsta fundi farsældarráðs
- Stefna og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum
- Gögn frá svæðisfulltrúum ÍSÍ/UMFÍ
- Upplýsingar og gögn frá lögregluembættunum á Suðurlandi
- Töluleg gögn frá barnaverndarþjónustum
- Upplýsingar og gögn um stöðu barna frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands
- Sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029
- Svör frá ungmennaráðum
- Tillögur af vorfundi Grunns á Höfn 2025
- Forvarnaáætlun gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi meðal barna og ungmenna 2026–2030

6. Staðfundur í haust

Verkefnastjóri leggur til að farsældarráðið verði með staðfund í lok september þar sem unnin verði aðgerðaráætlun ráðsins. Líkleg staðsetning fundarins verður í Rangárþingi ytra eða eystra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45.

Arna Ír Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri farsældarráðs.